

Alþingi
Erindi nr. P 130/584
komudagur 10. 12. 2003

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Einars Farestveit
ritara Utanríkismálanefndar
Alþingi,
150 Reykjavík



UNIVERSITY OF ICELAND

FACULTY OF SOCIAL SCIENCES

Reykjavík, 2. desember, 2003

Ég undirrituð þakka bréf yðar, dagsett 14. nóvember, 2003, þar sem ég var beðin um umsögn um tillögu til þingsályktunar um þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki, 43. mál.

Eins og tillagan liggur fyrir er m.a. lagt til að skipuð verði nefnd fimm sérfræðinga, samkvæmt tilnefningu þingflokka, sem móta eiga stefnu Íslands í þróunarsamvinnu við fátæk ríki. Undirrituð telur áherslur tillögunnar mikilvægar, þ.e. áherslan á að bæta hlut kvenna í fátækum löndum, sem og á almenna heilsugæslu. Einnig má minna á að áherslan á stöðu kvenna er einnig í samræmi við önnur mikilvæg þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna árið 2000, þ.e. markmið sem snúa að sjálfbærri þróun og umhverfismálum en slík mál snerta konur og karla oft á ólíkan hátt.

Undirrituð telur einnig mikilvægt og eðlilegt að hafa til hliðsjónar, eins tillagan gerir ráð fyrir, stefnu nágrannalanda og að taka mið af gagnrýni álitserðarinnar „Ísland og þróunarlöndin“ (unnin af Hermanní Erni Ingólfssyni og Jónasi H. Haralz). Með því er verið að nýta niðurstöður álitserðarinnar og staðsetja þróunarsamvinnu Íslands betur innann markmiða og uppbyggingar þróunarsamvinnu almennt. Hvort tveggja ætti að þjóna tilgangi þróunarsamvinnu og hagsmunum fátækari ríkja.

Undirrituð vill að lokum undirstrika mikilvægi þess að í nefndina verði skipaðir einstaklingar með faglega þekkingu á þróunarmálum, en slík þekking hlýtur að vera forsenda þess að tillögur nefndarinnar séu byggðar á málefnalegum grunni og taki mið af almennri þekkingu um þróunarsamvinnu í dag.

Virðingarfyllst,

Dr. Kristín Loftsdóttir
Lektor í mannfræði við Háskóla Íslands